



UMHVERFISSTOFNUN

Skipulags- og byggingarfulltrúi
Skaftár- og Mýrdalshreppur
Klausturvegi 10
880 Kirkjubæjarklaustur

Reykjavík 16. ágúst 2016
UST201607-093/K.S.J.
10.04.02

Efni: Tillaga að breytingu á aðalskipulagi Skaftárhrepps 2010 – 2022, Efri Vík

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa Skaftárhrepps er barst 13.júlí sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að breytingu á aðalskipulagi Skaftárhrepps 2010 – 2022.

Skipulagssvæðið

Efri-Vík er staðsett í Landbroti um 5 km sunnan við Kirkjubæjarklaustur. Skipulagstillagan nær til breytingar á landnotkun í landi Efri-Víkur. Í ofangreindri tillögu kemur fram að áætlað er að breyta opnu svæði, frístundabyggð og landbúnaðarsvæði í svæði fyrir íbúðabyggð. Einnig kemur fram að samhliða breytingu á aðalskipulagi verði unnið að tillögu að nýju deiliskipulagi fyrir frístundabyggðina Álfabyggð í Efri-Vík.

Náttúruminjar

Í umsögn Umhverfisstofnunar um lýsingu ofangreinds skipulags var lögð áhersla á verndargildi Landbrotshóla. Í umfjöllun um umhverfisáhrif skipulagsbreytingarinnar kemur fram að nýjar íbúðalóðir komi til með að vera á aflögðum skeiðvelli eða gömlum túnum. Umhverfisstofnun bendir á að einnig verða íbúðalóðir á frístundasvæði Álfabyggð sem var samþykkt árið 1993.

Í greinargerð kemur fram að ofangreind Álfabyggð er í Landbrotshólum sem eru gervigígar sem mynduðust við gufusprengingar eftir að hraun rann yfir votlendi. Einnig kemur fram að verið er að vinna að nýju skipulagi fyrir Álfabyggð.

Umhverfisstofnun gerir ekki athugasemd við íbúðalóðir á túnum og skeiðvelli, en að mati Umhverfisstofnunar þarf að taka tillit til Landbrotshóla við gerð nýja deiliskipulagsins af Álfabyggð vegna mikils verndargildis þeirra.

Virðingarfyllst

Kristín S. Jónsdóttir
Kristín S Jónsdóttir
Sérfræðingur

Björn Stefánsson
Björn Stefánsson
Sérfræðingur